

2013

Valdimar Reynisson Skógarvörður á Vesturlandi



[ÁRSSKÝRSLA VESTURLANDSDEILDAR 2013]

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennt um deildina	2
Árið 2013	3
Mannahald	3
Veðurfar.....	3
Skógarskaðar	4
Gróðursetningar	4
Grisjun	6
Afurðir	8
Hnausplöntur	8
Viðarvinnsla	8
Jólatré	10
Vegagerð	10
Girðingar	11
Vélar og tæki	12
Heimsóknir	13
Lokaorð	14

Forsýðumynd: Horft yfir botn Hreðavatns til suð- vesturs. Mynd tekin haustið 2013 af Valdimar Reynissyni skógarverði.

Inngangur

Árið 2013 var votviðrasamt og frekar kalt, minnti einna helst á sumrin 1983 -1984 sem voru afar votviðrasöm og köld. Þessi úrkoma gerði okkur erfiðara að vinna í skóginum en ella.

Það var nokkuð gestkvæmt hjá okkur þetta árið meðal annars komu tveir stórir fjölþjóðlegir hópar í heimsókn auk smærri hópa. Þrír írskir skógfræðinemar komu til okkar í verknám. Dvöldu þeir í þrjá mánuði og reyndist það góður liðsauki.

Aðal áherslan þetta árið var að grisja efni til að selja í Járnblandiverksmiðju Elkem á Grundartanga, auk hefðbundinna afurða s.s kurl,eldivið og borðvið. Jólatrjáasala var heldur minni en árið 2012.

Töluvert átak var gert í vegagerð árið 2013. Lagðir voru um 2 km af brautum á Stálpastöðum. Þessi vinna tafðist af ýmsum ástæðum þó helst vegna votviðris og bilana tækja verktaka.

Tveir starfsmenn hættu störfum, einn var ráðinn til reynslu og einn skógfræðinemi kom í hlutastarf þegar hann var ekki í tímum.

Það var nokkuð gróðursett á Vesturlandi á árinu eða um 25 þúsund plöntur mest á Stóru-Drageyri og Laxaborg.

Helstu skógarskaðar voru af völdum sitkalúsar og birkikembu en ekki voru þeir verulegir.

Almennt um deildina

Vesturlandsdeild Skógræktar ríkisins nær yfir landsvæðið frá Gilsfirði og suður á Reykjanes í land Straums í Hafnarfirði. Innan þessa landsvæðis eru 29 jarðir og jarðarpartar sem eru í eigu/eða umsjá Skógræktar ríkisins. Mest er starfsemin í Skorradal. Þar hefur deildin umsjón og eignarhald á átta jörðum og jarðarpörtum. Heildarlandstærð í umsjón deildarinnar er um 11.647 hektarar og af þeim eru 5371 ha af birkikjarri og birkiskógi en ræktaður skógur er 875 hektarar. 53,6% lands á vegum deildarinnar er skógi eða kjarri vaxið.

Vesturlandsdeildin hefur umsjón með tveimur stórum girðingum, sem girða af lönd Skógræktarinnar og annara landeigenda. Þetta eru Ystutungugirðing í Borgarbyggð og Skorradalsgirðing sem umlykur Skorradal sunnanverðan.

Starfstöð deildarinnar er að Hvammi í Skorradal. Skógarvörður er Valdimar Reynisson skógfræðingur M.Sc.

Árið 2013

Mannahald

Nokkrar breytingar urðu á mannahaldi á árinu. Tveir starfsmenn létu af störfum en einn og hálfur voru ráðnir í staðinn.

Framan af árinu voru 7 fastráðnir starfsmenn í fullustarfi og einn að auki í 40% starfi. Um mitt sumar hætti einn starfsmaður. Sá flutti sig til og fór norður að Vöglum. Um haustið hætti svo annar starfsmaður en fljótlega eftir það var annar ráðinn og síðan bættist við skógfræðinemi í hlutastarf.

3 Írskir skógfræðinemar komu til starfa um miðjan apríl og störfuðu þeir við deildina í þrjá mánuði eða fram í miðjan júlí.

Undir lok ársins voru því 5 starfsmenn í fullu starfi og tveir í hlutastarfi starfandi við deildina.

Veðurfar

Veðurfar á Vesturlandi árið 2013 minnti á gamla tíma á suðvestanverðu landinu þ.e.a.s blautt og kalt. Eftir mjög hlý og þurr sumur undanfarin ár var sumarið í sumar bókstaflega eins og blaut tuska framan í okkur. Það voru ekki margir þurrkdagar sumarið 2013 og flestir bændur hér í héraði kláruðu ekki heyskap fyrr en langt var liðið á september.

Ef að veðrinu er lýst í fáum orðum þá má segja að seinni hluti vetrar hafi verið nokkuð eðlilegur með tiliti til veðurfars þó var ekki mikið um snjó. Vorið var hins vegar mjög kalt og nánast stöðug norðanátt ríkjandi. Síðan tók við kalt og rakt sumar. Það hékk oft nálægt þurrki en sjaldnast var þó alveg þurrt. Í lok júlí kom góð vika með sól og hita. Ágúst og september voru mjög blautir. Haustið var eins og sumarið frekar blautt og kalt. Það frysti í byrjun nóvember og hélst það nokkuð fram að jólum. Þó var það þannig að í síðustu vikunni í nóvember ringdi eins og hellt væri úr fötu alla dagana. Það snjóaði aðeins í lok nóvember og fram í miðjan desember en síðan tóku við frost og stillur sem hélt snjónum fram að áramótum. Sjá samantekt í töflu 1.

Þrátt fyrir að það hafi verið 196 rigningardagar á árinu ringdi ekki nema 700,2 mm allt árið. Mest ringdi í febrúar 139,9 mm á 20 dögum. Flestir rigningardagar voru í ágúst 22. Hæsta hitagildi mældist í júlí 24,5°C og mesta frostið í desember -19,5°C. Meðal hiti sumars var þó aðeins undir meðaltali. Ef helstu veðurtölur eru bornar saman við árgildi 2012 þá sést að úrkoma var mun meiri 2012 eða 889,5 mm. Mest úrkoma var fyrstu þrjá mánuði ársins 2012. Hitagildin segja líka sína sögu. Hámarkshiti í maí til ágúst var um og yfir 20°C. Það mældist næturfrost í öllum sumarmánuðunum 2012 en ekki 2013 fyrir utan maí sem var einstaklega kaldur í ár.

Tafla 1 Lýsir veðurfari ársins 2013. Þarna er til tekið meðalhitastig hvers mánaðar, hámarks og lágmarks hitagildi í hverjum mánuði, meðalvinds í hverjum mánuði auk mestu hviðu hvers mánaðar, heildar úrkomumagn í hverjum mánuði og tíðni úrkomu í hverjum mánuði (fjöldi daga í mánuði þar sem úrcoma mældist). Unnið úr gögnum frá Veðurstofu Íslands. Veðurstöðin er Hvanneyri.

mán	meðalhiti	hámark	lágmark	meðal vindhraði	mesta hviða	heildar úrcoma	tíðni úrkomu
-	°C	°C	°C	m/s	m/s	mm	dagfjöldi
1	2,2	12,2	-8,7	5,2	28,3	105,8	21
2	3,1	12,0	-10,4	4,9	28,3	139,9	20
3	0,4	11,5	-9,5	4,8	24,2	22,5	7
4	0,8	12,8	-12,2	4,5	26,7	11,5	11
5	5,4	14,5	-8,9	8,6	23,3	24,6	13
6	10,4	18,4	2,7	3,9	22,5	44,9	16
7	11,0	24,9	3,0	3,4	17,1	68,1	19
8	9,9	19,2	0,7	4,1	19,0	92,0	22
9	6,4	14,1	-3,1	4,3	31,6	96,5	21
10	2,7	11,6	-6,9	3,1	22,3	10,9	12
11	0,6	10,9	-14,5	5,3	34,3	135,9	21
12	-1,9	9,2	-19,5	5,3	29,5	53,5	13
samtals						700,2	196

Skógarskaðar

Töluvert bar á sitkalús á Vesturlandi árið 2013. Það er mjög sjaldgæft að lúsin nái sér á strik í Borgarfjarðardölunum því að frost verður venjulega nægilega mikið til að slá á hana. Sú varð ekki raunin 2013. Það var töluvert um lús allstaðar hvort sem er inntil landsins eða úti við ströndina.

Einnig var vart við skaða af völdum birkikembu víðsvegar á Vesturlandi. Skógavörður sá ummerki um birkikembuna í Vatnaskógi, Skorradal og á Skógum á Fellsströnd. Það virtist vera að náttúrulegt birki væri viðkvæmara fyrir birkikembunni en ræktað gróðursett birki.

Snjóbrott og vindfall var óverulegt. Ekki bar mikið á maðki í trjágróðri.

Gróðursetningar

Gróðursett var á Stóru-Drageyri í Skorradal og í Laxaborg í Haukadal sumarið 2013. Gróðursett var sitkagreni, hengibjörk, Lerkiblendingurinn Hrymur, birki og stafafura (sjá töflu 2). Sitkagrenið var ekki í hæsta gæðaflokki og verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig þau tré dafna með tímanum.

Tafla 2 Samantekt á gróðursettum trjám á vesturlandi árið 2013, raðað eftir tegundum og staðsetningu.

Gróðursetning 2013			
Staðsetning	Tegund	Kvæmi	Fjöldi
Laxaborg	SG	Þjórsárdalur	2200
Laxaborg	SF	Skagway	10050
Laxaborg	IB	Bolholt	2747
Stóra-Drageyri	SG	Seward	8260
Stóra-Drageyri	HB	Hausjarvi	1016
Stóra-Drageyri	Lerki	Hrymur	400
Stálpastaðir	HB	Hausjarvi	400
Samtals			25073

Vélflekkjað var fyrir megninu af þessum plöntum en einning var handflekkjað með kjarsög með terracut diskum á.

Við gróðursetninguna á Stóru-Drageyri var áhersla lögð á að fylla í eyður sem eru í skóginum af einhverjum ástæðum. Vélflekkjað var fyrir stærstum hluta þeirrar gróðursetningar. Þurftum við að breikka braut í gegnum skóginn til að koma vélinni með flekkjaranum inn á gróðursetningarsvæðið. Sú braut á eftir að nýtast okkur vel þegar við förum að grísa þarna (sjá mynd 1). Það eru fleiri svona eyður sem að fengur væri að planta í á komandi árum.



Mynd 1 Myndin sýnir Svæðin á Stóru-Drageyri sem gróðursett var í 2013. Blátt er Sitkagreni og brúnt er lerkiblendingurinn Hrymur og hengihjörk. En þessar tvær tegundir voru gróðursettar á sama svæði. Lerkiblendingurinn Hrymur á rýrari landi en hengibjörkin á betra land. Mynd VR

Einnig tókum við gamalt stykki í kringum fjárhúsrústir á Stóru-Drageyri flekkjuðum það og gróðursettum í það sitkagreni. Í brekkurnar fyrir neðan plöntuðum við lerkiblendingnum Hrym og hengibjörk. Lerkiblendingurinn Hrymur fór í rýrari landið en hengibjörkin í betra land.

Í Laxaborg var haldið áfram að vinna eftir áætlun Rúnars Ísleifssonar og plantað í samstarfi við Landsvirkjun. Þessari gróðursetningu fer að ljúka þarna. Það er aðeins eftir að ljúka við að planta öspum í túnin.

Aspargróðursetningin frá árinu 2012 leit mjög illa út það voru gríðarlega mikil afföll, er líklegasta skýringin á því sambland af of stórum plöntum með of lítið rôtarkerfi og mjög heitu og þurru sumri.

Furan og birkið voru í lagi en þó var þéttleikinn oft gríðarmikill. Sennilega hafa gróðursetningar-mennirnir ekki séð þær plöntur sem þeir höfðu sett niður, og því kannski endurplantað í einhver svæði sem þegar var búið að planta í.

Gróðursetningu í Laxaborg líkur líklega á næstu tveimur árum. Mér skilst að það séu ekki allar aspirnar tilbúnar. En það eru bara aspir sem eftir eru. Við munum byrja á því að skipta út þeim öspum sem hafa drepist frá 2012.

Samkvæmt samningi Skógræktar ríkisins og KFUM um Vatnaskóg á Skógræktin að skaffa 2000 plöntur á ári sem skógarmenn Vatnaskógar planta. Undanfarin ár hefur verið grisjað í staðinn. Þetta árið var grisjað og sendar plöntur. Þetta árið fengu skógarmenn Fjallapín 1200 plöntur sem þeir plöntuðu sjálfir í rjóður í birkinu eftir forskrift skógarvarðar.

Grisjun

Grisjun var umtalsvert meiri á árinu 2013 heldur en árið 2012. Spilar þar helst inni að fleiri menn voru í vinnu og að mikil eftirspurn er eftir timbri, þá helst í Járblendiverksmiðju Elkem á Grundartanga. Alls voru grisjaðir 4,36 ha (sjá mynd 2 og töflu 3) og úr þeim komu 607 m³ af timbri sem fór í Elkem auk þess keyrðum við út 75 m³ frá Fossá í Hvalfirði. Í heildina þá voru skrifaðir á deildina 682m³ af timbri afhentu til Elkem. Grisjunin gekk almennt nokkuð vel þrátt fyrir misjafnar aðstæður og oft mjög erfiðar á köflum. Við grisjuðum meira af furu en í fyrra og fengum gríðarlega mikið magn af timbri úr þeim furulundum.

Sendir voru 4 menn í Vatnaskóg í 2 daga til grisjunnar. Þar var grisjuð fura sem þótti skyggja á veginn og trufla umferð. Þessir reitir voru frá innkomunni á svæðið og með veginum í átt að húsunum. Farið var yfir svæði sem er um 0,5 ha en sumt af því var nokkuð gisið þannig að ekki þurfti að fella mikið.



Mynd 2 Grisjunnarvið hlaðið í stæðu. Mynd VR

Tafla 3 Listi yfir reiti sem grisjaðir voru 2013 á Stálpastaðum, raðað eftir reitanúmeri, tegund og stærð í hektörum.

Grisjun Stálpastaðir 2013

Reitur	teg	stærð ha
248-246	RG-SG	1,31
277	SG	0,79
154	SF	1,04
163	SF	1,22
		4,36

Við Lárus Heiðarsson höfum verið að mæla mikinn skóg vítt og breitt í Borgarfirði til að gera okkur grein fyrir því hvar er hægt að bera niður til að ná í grisjunnarvið. Höfum við komist að því að víða er komin þörf á grisjun og töluvert magn af nýtanlegu efni. Þannig að það er af nógu að taka í náinni framtíð.



Mynd 3 Sýnir þá reiti sem grisjaðir voru 2013. Athugið að reitir 163 og 154 eru hér teiknaðir sem einn reitur þar sem þeir liggja saman. Mynd VR

Afurðir

Það eru ýmsar afurðir sem að eru framleiddar hjá deildinni eins og timbur (bolviður og borðviður), eldiviður, kurl og jólatré. Svo er alltaf einhver sala í hnausaplöntum úr skógi.

Hnausaplöntur

Sala á hnausaplöntum var heldur minni en oft áður en þó var hún nokkur. Alls seldust 111 tré, mest af sitkagreni 90 stk. Restin var svo alaskaösp, birki og stafafura. Þetta er allt útlistað betur í töflu 4

Tafla 4 er samantekt á seldum hnausaplöntum 2013. Flokkað er eftir stærð og tegund.

Hnausaplöntur		
Tegund	stærð	fjöldi
Alaskaösp	2,00-2,50	4
Birki	1,21-1,40	5
sitkagreni	0,81-1,00	2
sitkagreni	1,01-1,20	4
sitkagreni	1,21-1,40	90
Stafafura	0,81-1,00	1
Stafafura	1,01-1,20	1
Stafafura	1,21-1,40	1
Stafafura	1,41-1,60	3
Samtals		111

Viðarvinnsla

Viðarvinnslan var heldur minni en í fyrra. Þó flettum við klæðningu utan á tvö hús, eitt í Svínadal og eitt á Hvolsvelli. Samtals voru þetta 592 m² af klæðningarefni fyrir þessi tvö hús. Það á reyndar eftir að sækja efnið sem á að fara á Hvolsvöll. En það fer vonandi fljótlega. Eitthvað var líka um að fólk kom með eigin boli sem við söguðum svo fyrir það. Sjá töflu 5

Tafla 5 samantekt á unnu timbri sem afgreitt var frá Hvammi 2013 flokkað eftir gerð. Mælieiningarnar eru breytilegar og eru þær tíundaðar í seinasta dálknum.

Sagað efni

Efni	Magn	ein	
Greniborð 50mm ókantað	54,00	lm	
Greniborð 30mm ókantað	6,00	m ²	
Greniborð 25mm ókantað	272,00	m ²	
Greniborð 19mm ókantað	24,00	m ²	
Greni borðviður kantaður 50x100	11,00	lm	
Furustiklur 50x50mm	450,00	stk	
Borðbekkur greni	1,00	stk	
Lítið borð	1,00	stk	
Grenihnallar 22cm	3,00	lm	
Grenikubbar	100,00	stk	
Hnallar	9,00	stk	
Grenibök	63,00	lm	
Grenibök bretti	5,00	stk bretti	Fjöldi bretta, á hverju bretti er ca 10 m ²

Eldiviðarsala er að aukast jafnt og þétt og vonandi náum við að auka hana enn meira á næstu árum. Sjá töflu 6.

Tafla 6 saman tekt á sölu eldiviðar og kurls frá Hvammi 2013

Kurl og eldiviður	Magn	ein
Barrviðarkurl grisjupoki	18,00	stk
Barrviðarkurl stórsekkur	24,00	stk
Barrviður / eldiviður stórsekkur	41,00	stk
Barrviður eldiviður grisjupoki	296,00	stk

Nokkur kurlsala var á árinu en núna var meira selt í stórum einingum en oft áður, og minna til einstaklinga. Sjá töflu 6

Tafla 7 samantekt á seldum bolviði og hjallaefni afgreitt frá Hvammi. Ath að Elkem salan er sér hitt er umfram það s.s sala til einstaklinga.

Bolviður	magn	ein	ath
Bolviður	682,00	m3	Elkem
Grenibolviður 7 cm kurlefni	7,00	lm	
Grenibolviður 5-10cm	15,00	lm	
Grenibolviður 10 cm	56,00	lm	
Grenibolviður 12sm	5,00	lm	
Grenibolviður 18 cm	8,00	lm	
Grenibolviður 22 sm	40,00	lm	
Grenibolviður 25sm	20,00	lm	
Greni/Fura bolur óbirt 26cm	1,00	lm	
Grenibolviður 30 sm	2,00	lm	
Greni afgangsstubbar	22,00	stk	
Hjallaefni			
Uppisstöður greni 4m	162,00	stk	Hjallaefni
Spírur greni 6-7m	150,00	stk	Hjallaefni
Ásar greni 6-7m	36,00	stk	Hjallaefni

Það er alltaf töluvert um það að viðskiptavinir vilji kaupa boli, og vinna eitthvað úr þeim sjálfir. Stundum fáum við pöntun á hjallaefni eins og kom í sumar. Allt er þetta útlistað í töflu 7.

Jólatré

Sala Jólatrjáa var með svipuðu sniði og árið 2012 þó heldur minni í heimilistrjánum. Aðalega var samdráttur í sölu á furu sjá töflu 8. Þessi samdráttur helgast aðallega á því að það gekk frekar illa að finna furu þetta árið. Einnig eyddum við minni tíma í að finna jólatré heldur en oft áður. Meiri áhersla var lögð á að grisja fyrir Elkem.

Stærð	Rauðgreni	Sitkagreni	Stafafura	Fjallapínur	Samtals
0,71-1,0					0
1,01-1,25	3				3
1,25,1,50	8				8
1,51-1,75	21		8		29
1,76-2,00	17	1	8		26
2,01-2,50	14		9	1	24
2,51-3,0	6	5	4	1	16
3-4		2		1	3
4-5		7			7
5-6		12			12
6-7		8			8
7-8		1			1
8-9		7			7
9-10		6			6
Samtals	69	49	29	3	150

Vegagerð

Töluvert var unnið í vegagerð á árinu. Á Stálpastöðum var keyrt ofaní 2 km af skógarvegum sem undirbúnir höfðu verið fyrir áramót 2012-2013. Var þetta verk unnið af verktakafyrirtækinu Suðurverki. Vegagerðin tafðist úr hófi fram þar sem undirverktaki Suðurverks sem átti að leggja ræsi og keyra ofan í brautirnar, lenti í því að dráttarvélin hjá honum bilaði illa og var hún stöpp í langan tíma, en þetta kom fyrir rest. Þessi vegagerð skilar því að hægt er að grisja mikið af skógi og ná í mikið efni. Á næsta ári verður vonandi haldið áfram að vinna að vegagerð á Stálpastöðum. Það er ekki mikið eftir til að Stálpastaðaskógur verði þokkalega fær jeppum og vinnuvélum. Það þarf að fara að huga að vegagerð á fleiri jörðum, og verður það vonandi komið til framkvæmda á næstu árum.

Á mynd 4 má sjá allar helstu brautir á Stálpastöðum. Þar eru tilgreindar þær brautir sem kláraðar voru 2013 með fjólubláum lit. Þær brautir sem fyrir var búið að keyra í eru merktar með ljósbláu og það sem heitir dráttarvélabrautir á skýringum eru brautir sem er eftir að yfirfara og gera góðar.



Mynd 4 sýnir vinnuvegi á Stálpastöðum í Skorradal. Blár sýnir vegi sem búið var að laga fyrir 2013, fjólublár sýnir vegi sem gerðir voru árið 2013 og grænleitu vegirnir eru þeir vegir sem eftir er að laga. Mynd VR

Girðingar

Tvær stórar girðingar eru á vinnusvæði Vesturlandsdeildar. Önnur er svokölluð Ystutungugirðing. Hún umlykur jarðir frá og með Hreðavatni að Sauðhússkógi (Gljúfurá). Þessi girðing er í umsjón Sr sem ber 80% af kostnaði við viðhald og smölun, en aðrir landeigendur skipta 20 % á milli sín. Það var heldur meira af sauðfé innan Ystutungugirðingarinnar nú en oft áður. Skýringarinnar getur verið að leita á mörgum stöðum eins og t.d hlið skilin eftir opin eða girðingin orðin léleg á köflum. Síðastliðið haust var gengið með stórum hluta af girðingunni til að kanna ástand hennar og gera sér grein fyrir endurnýjunnarþörf girðingarinnar. Kom í ljós að girðingin er í meginatriðum í lagi fyrir utan fáa og stutta kafla þar sem girðingin er illa farin. Hluti girðingarinnar er gömul rafgirðing, girt með harðviðarstaurum, sem áttu ekki að leiða rafmagn en virðast gera það þegar þeir eldast. Það þarf því að skipta út staurum þar eða setja einangrara á stauranna. Þessi endurnýjun verður unnin í áföngum.

Önnur stór girðing sem við erum með umsjón með er Skorradalsgirðingin, þar borga eigendur í hlutfalli við það flatarmál sem lendir innan girðingarinnar. Skógrækt ríkisins sér um viðhald og smölun eins og í Ystutungugirðingunni. Þetta er rafgirðing. Minna var um sauðfé innan hennar núna í ár en í fyrra enda var mokað uppúr fullu rimlahliði og farið vel yfir girðinguna síðastliðið vor. Þó var mikið af sauðfé á Fitjum og í Sarpi í sumar. Líklega hefur það fé verið komið inn áður en við náðum að girða frá Englandsgirðingunni í Fitja girðinguna.

Það þarf að fara í vor og klippa frá girðingunni yfir Draghálsinn því að birkið er að sá sér svo mikið innan girðingar eftir friðun.

Aðrar girðingaframkvæmdir sem framkvæmdar voru eru helst að gerð var ný girðing í Sarpi á milli Fitja og Englands. Þessi girðing ætti að stoppa fé sem kemur úr innanverðum Lundarreykjadal og ætti því að vera færri sauðfé í Sarpi og Fitjum næsta sumar.

Einnig var hafið viðhald á girðingunni á Skógum á Fellsströnd. Eru það leigutakar túnanna og húsanna sem sjá um það viðhald. Það er aðallega verið að reisa girðinguna við. Hún hefur lagst niður á stórum köflum vegna þess að frost hefur lyft staurunum upp.

Farið var yfir girðinguna í Laxaborg og hún löguð eftir þörfum. Ekki þurfti mikið að gera þar, aðallega berja niður staura sem höfðu lyfst, enda er stór hluti af þeirri girðingu nýr.

Vélar og tæki

Til eru 3 dráttavélar hjá deildinni.

Valtra Valmet 8050 árg 2001 sem er 110 hö. Hún er notuð við útkeyrslu á viði úr skóginum.

Valtra Valmet A85 árg 2009 88 hö með ámoksturstækjum. Þessi vél er mikið notuð í snatt t.d til að afgreiða kurl á sumrin og flytja bolvið þegar verið er í viðarvinnslu.

Valtra Valmet 700 árg 1999 70 hö mest notuð við spilun, knýja kurlarann og eldiviðakleyfann.

Einn gamall sturtuvagn var seldur á árinu en þá er einn gamall vagn eftir.

Einnig er til eldiviðarkleyfi gamall frá Vöglum dráttarvélarknúin.

Trjácurlari Farmi dráttarvélaknúinn.

Nokka viðarvagn frá 2009

Viðarspil gamalt

Woodmizer bandsög gömul. Kom frá Hallormsstað.

Logosol 330 rammasög sameign Vesturlandsdeildar og Suðurlandsdeildar.

Polaris Sportsman 500 6x6 sexhjól 2003 árgerð, hjólið bilaði (fór í því gírkassi) og óvíst er um afdrif þess þegar þetta er skrifað.

Einnig á deildin 2 Mitsubishi L200 Double Cap bíla.

2 nýlegar kjarrsagir eru hjá deildinni og 3 gamlar Jonsered

Einar bensín hekkklippur

20 keðjusagir mis gamlar

Heimsóknir

Nokkuð gestkvæmt var á árinu 2013.

Nemendur af Bændasdeild Landbúnaðar Háskólans á Hvanneyri komu föstudaginn 12 apríl. Kynntu þeir sér starfsemi Sr og fóru í göngu um skóginn með ýmsum fróðleiksinnskotum. Þessi ferð var hluti af námi þeirra í áfanga sem nefnist nytjaskógrækt og er skógarvörðurinn á Vesturlandi umsjónarmaður þess áfanga.

Þann 17 apríl komu 3 Írskir skógræðinemar og voru þeir hjá okkur í 3 mánuði. Reyndust þeir vel og ég held að þeir hafi haft gaman að þessu líka.

September var síðan mánuður heimsókna. Þann fyrsta komu félagar í Skógræktarfélagi Hveragerðis í heimsókn í grenjandi rigningu, þetta var um 30 manna hópur. Skógarvörður fór með þau aðeins út í skóg og kynnti starfsemi Sr fyrir þeim og mikið var spjallað um skóga og skógrækt.

Þann 5.sept kom svo Arnór Snorrason með 50 alþjóðlega loftslagssérfræðinga sem fóru í léttu skógar göngu með skógarverðinum og var síðan boðið uppá skógarkaffi í lok göngunnar áður en haldið var heim á leið.

Þann 12. september komu síðan ráðstefnugestir af norrænni skógarsöguráðstefnu sem haldin var í Reykjavík. Þessi hópur var tekin í skógar göngu og að henni lokinni var boðið uppá íslenska kjötsúpu við gamla bæjarstæðið á Stálpastaðum.

Nemendur á Skógræðibraut LBHI komu þann 23 nóvember, til að kynna grisjun og kjarrsögun og annari skógarumhirðu. Þetta er liður í áfanga um skógræktar og viðartækni voru þau í fylgd með Björgvini Eggertssyni sem kennir þenna áfanga.

Allar þessar heimsóknir voru afskaplega skemmtilegar og lærdómsríkar þar sem að í spjalli og spurningum gesta kemur alltaf eitthvað nýtt fram.



Mynd 5 Nemendur við starfsmentabraut á Hvanneyri taka matar pásu við gamla Stálpastaðabæinn. Mynd VR

Lokaorð

Árið 2013 var í heildina litið þokkalegt ár þrátt fyrir að veðrið léki ekki eins við okkur og undanfarin ár. Mun meira var grisjað heldur en 2012 enda mun fleiri starfsmenn . Gróðursetningin er að komast á aftur eftir einhvert hlé og er það gott. Hefur skógarvörður hug á að gróðursetja eitthvað á hverju ári hér eftir. Meira var unnið í vegagerð en undanfarin ár og er vegagerð á Stálpastöðum næstum búin. Það er von okkar við náum að klára vegagerðina á Stálpastöðum og færa okkur á aðrar jarðir þar sem þarf að gera brautir eins og t.d Stóru-Drageyri og Bakkakot.

Við finnum fyrir aukinni eftirspurn eftir timbri og eldiviði og er það von okkar að við náum að auka við þá framleiðslu jafnframt því að bæta aðstöðuna til viðarvinnslunnar til muna á komandi árum, en til þess þarf að ráðast í byggingarframkvæmdir og að stækka plan.

Valdimar Reynisson skógarvörður tók saman